

Fundargerð

Fyrsti fundir í Stjórnstöð ferðamála 3. febrúar 2015 í Ráðherrabústað.

Mættir: Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Ólöf Nordal innanríkisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra, Grímur Sæmundsen, Helga Árnadóttir, Björgúlfur Jóhannsson, Halldór Halldórsson og Sigrún Blöndal.

Iðnaðarráðherra setti fundinn og bauð stjórn og framkvæmdastjóra velkomin til starfa. Verið er að ganga frá samningi og unnið er að því að finna honum starfsaðstöðu.

Vegvísirinn hafi verið kynntur víða m.a. á nýafstöðnu ferðamálaþingi og hlotið góðar viðtökur. Ferðaþjónustan bindur miklar vonir við störf Stjórnstöðvarinnar.

Rætt var um að fundir í stjórninni verði að jafnaði á 1-2 mánaða fresti en þéttari til að byrja með. Til að greiða fyrir framgangi mála þá munu ráðherrar taka með sér embættismenn á fund eftir því sem þurfa þykir. Sama á við um fulltrúa sveitarfélaganna. Starfið muni mikið mæða á framkvæmdastjóranum og miklu skiptir að hann byggi sem fyrst upp gott samstarf við stjórnsýslunnar. Í því skyni og til að stytta boðleiðir var ákveðið að tilnefna sérstaka tengiliði við Hörð í hverju ráðuneyti fyrir sig.

Hörður segist ætla að byggja starfið upp á hópavinnu. Í upphafi þurfi að líta á þetta sem átaksverkefni næstu 2-3 árin. Það muni greiða mjög fyrir hans starfi að settir verði tengiliðir í ráðuneytunum. Brýnt væri að hefjast handa strax. Hann sað fyrir sér eftifarandi forgangsmál:

1. Bæta talnagögn og setja upp mælikvarða fyrir verkefnið.
2. Setja á fót aðgerðahóp fyrir ferðamálaárið 2016.
3. Hefja vinnu við „Destination management planning“.

Í umræðum kom fram mikilvægi að vontun á gögnum og rannsóknum hefði lengi staðið ferðaþjónustunni fyrir þrifum. Þá þyrfti sérstaklega að leggja áherslu á gæða- og öryggismál. Eins þyrfti að huga meira að stýringu í greininni. Innanríkisráðuneytið hefur látið stofnanir sínar taka saman yfirlit um þær áskoranir sem þær standa frammi fyrir vegna aukins fjölda ferðamanna. Margt fróðlegt hefði komið fram og ástæða til að láta sem flestar stofnanir ríkisins taka saman slíkar upplýsingar.

Fjallað var um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Fyrir liggur að ríkið mun sjálft annars uppbyggingu ferðamannastaða í þess eigu eða umsjón. Því liggur fyrir að gera þyrfi breytingar á starfsemi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í þá veru að sjóðurinn styrki þá einungis uppbyggingu hjá sveitarfélögum og einkaaðilum. Í þeirri vinnu þarf m.a. að huga að lækkun mótfamlags.

Eftifarandi var ákveðið að gera fyrir næsta fund:

1. Setja af stað vinnu við að endurskoða starfsemi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
2. Kanna hvort hægt sé að endurúthluta þeim fjármunum sjóðsins sem ráðstafað var til verkefna sem ekki hafa farið af stað.

Önnur mál:

Ákveðið að halda næsta fund mánudaginn 16. nóvember (finna tíma, stað og boða sem fyrst).

